

Hugmyndafræði bankahrunsins

Nýfrjálshyggjan var ríkjandi hugmyndafræði á Íslandi í aðdraganda falls bankanna. Því telja margir að orsök núverandi efnahagsþrenginga megi að umtalsverðu leyti rekja til hennar, þ.e. að með einkavæðingu og áherslu á afskiptaleysi hins opinbera hafi grunnurinn verið lagður að þeirri óráðsú sem gat af sér hrunið. Þegar rýnt er í þjóðmálaumræðuna er ekki ljóst hvað fólk á við þegar það talar um nýfrjálshyggju. Raunar virðist orðið oft vera notað til að lýsa öllu því sem fólk telur hafa farið úrskaiðis á tímum íslensku útrásarinnar

Orðin „frjálshyggja“ og „nýfrjálshyggja“ vísa í pólitíska hugmyndafræði sem hefur það að markmiði að koma sem flestum þáttum samfélagsins yfir á vettvang markaðarins. Hugmyndir er sú að markaðurinn gerir okkur kleift að búa til nokkurskonar sjálfgegissamfélag, þ.e. samfélag sem viðheldur sjálfu sér án sameiginlegra gilda og pólitískrar stefnumótunnar. Markaðurinn komi jafnvel í stað lýðræðisins.

Þessi hugmyndafræði byggir á einhæfum og óraunsæjum hugmyndum um mannlegt eðli, þ.e. að fólk sé alltaf sjálfsefnt, lífi í félagslegu tómarúmi, reyni alltaf að hámarka eigin hag og að peningar séu mælikvarði á flest verðmæti, svo dæmi séu nefnd. Vegna þess að hugmyndafræðin byggir á slíkum óraunsæjum forsendum er hreint frjálshyggjusamfélag hins vegar óframkvæmanlegt og mikil takmörk fyrir því hvað hægt er að nálgast slíka staðleysi án þess að valda einstaklingum og samfélagi ómældum skaða. Nýfrjálshyggjan á sér því hliðstæðu í svokallaðri eilífðarvél, þ.e. vél sem gengur fyrir sínu eigin afli. Rétt eins og eilífðarvél er samfélagshugmynd nýfrjálshyggjunnar ólíkleg til að virka í veruleikanum.

„Algildar kenningar og hugmyndafræðin sem fylgir þeim eru eilífðarvélar félagsvísindanna. Þær eru tilraunir til að búa til sjálfgegissamfélög, þ.e. samfélagsgerðir sem viðhalda sjálfum sér án þess að það kalli á pólitíska íhlutun. Ein af meginforsendum sjálfgegissamfélags er að það sé ekki uppi grundvallarágreiðingur á milli þjóðfélagsþegna um samfélagsleg markmið. Í Sovétríkjunum átti að beita pólitískri innrætingu til að tryggja samstöðu um markmið kommúnisma. Í nýfrjálshyggjuni er farin sú leið að draga úr vægi samfélagslegra markmiða með því að minnka áhrif ríkisvaldsins og fela hverjum einstaklingi að skilgreina hið góða líf fyrir sjálfan sig. Því færri sameiginleg markmið, því færri forsendur fyrir pólitískum ágreiningi. Sovétkommúnisminn gat af sér samfélag án vals, nýfrjálshyggjan gat af sér samfélag þar sem markaðurinn varð vettvangur valfrelsis“ (bls. 16).

Af þessu leiðir að það er engin málsvörn fyrir frjálshyggjuna að samfélagið í aðdraganda bankahrunsins hafi ekki einkennst af hreinni frjálshyggju, því það er óraunhæft markmið í sjálfu sér. Eftir stendur að margar þær þjóðfélagsbreytingar sem voru innleiddar í anda frjálshyggjunnar vörðuðu veginn að bankahruninu.

Um bókina

Í þessari bók fjalla átta fræðimenn úr röðum félagsfræðinga, sagnfræðinga, heimspekinga og kynjafræðinga um nýfrjálshyggjuna frá ólíkum sjónarhornum, kosti hennar og galla. Markmiðið er að gefa lesendum skýra mynd af hugmyndafræðilegum kjarna nýfrjálshyggjunnar og hvernig hún birtist í framkvæmd og gefa lesendum þannig skýra mynd af því hvað er átt við með orðunum „frjálshyggja“ og „nýfrjálshyggja“.

Kafli 1: Sjálfgegissamfélagið. Leitin að hinu algilda lögmáli

Kolbeinn Stefánsson, sérfræðingur við Þjóðmálastofnun Háskóla Íslands

Kafli 2: Fortíðin í nútímanum. Ágrip af hugmyndasögu nýfrjálshyggjunnar

Sveinbjörn Þórðarson, doktorsnemi í vísindasögu við Edinborgarháskóla

Kafli 3: Vandvirkni eða vitsmunaleg tregða? Um atferlisforsendur nýklassískrar hagfræði

Þar Gustafsson, félagsfræðingur við Linnaeusháskólann í Svíþjóð

Kafli 4: Samfélagsleg ábyrgð í viðskiptalífni. Hugleiðing um bankahrun og Milton Friedman

Salvör Nordal, forstöðumaður Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands

Kafli 5: Nýskipan í opinberum rekstri. Stjórnunarhættir nýfrjálshyggjunnar

Mia Vabø, sérfræðingur við NOVA í Osló

Kafli 6: Árangur frjálshyggjunnar: Samanburður lífskjara í frálshyggjuríkjum og velferðarríkjum

Stefán Ólafsson, prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands

Kafli 7: Kynmyndir og Kyngervi nýfrjálshyggjunnar

Þorgerður Einarsdóttir, prófessor í kynjafræði við Háskóla Íslands

Kafli 8: Góður kapitalismi og slæmur. Hugleiðing um verðmæti, þarfir og tilgang efnahagslífsins

Giorgio Baruchello, prófessor í heimspeki við Háskólann á Akureyri

Kafli 9: Rauðir þræðir. Samantekt og niðurstöður

Kolbeinn Stefánsson, sérfræðingur við Þjóðmálastofnun Háskóla Íslands

Nánari upplýsingar veitir Kolbeinn Stefánsson (netfang: kolbeinn@hi.is/sími: 659-5736).

Vefsíða bókarinnar hjá Háskólaútgáfunni:

<http://www.haskolautgafan.hi.is/Apps/WebObjects/HI.woa/wa/dp?book=1000905&id=1002648>